

Tillaga til þingsályktunar

um niðurgreiðslu flugfargjalsa ungmenna milli Vestur-Norðurlanda.

Frá Íslandsdeild Vestnorðræna ráðsins.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna hvort gera megi samkomulag við landsstjórnir Færeys og Grænlands um niðurgreiðslu flugferða ungmenna milli landanna þriggja.

Greinargerð.

Tillaga þessi er lögð fram á grundvelli ályktunar Vestnorðræna ráðsins nr. 1/2019 sem samþykkt var á ársfundri ráðsins 23. október 2019 í Nuuk. Greinargerð þessi er byggð á greinar-gerð ályktunarinnar.

Þrátt fyrir að Ísland, Færeys og Grænland hafi eitt sinn tilheyrt sama konungsríki hefur aðeins lítill hluti ungmenna í löndunum þremur tækifæri til að ferðast til þessara nágrannalanda sinna og kynna sér menningu þeirra. Til þess að tryggja áframhaldandi gott samstarf milli landanna um sameiginlega hagsmuni er nauðsynlegt að gera vestnorðrænum ungmennum kleift að kynnast nágrannalöndum sínum, menningu þeirra og íbúum.

Flugfargjöld milli vestnorðrænna landa og innan þeirra eru mjög há. Vestnorðræn ungmennafargjöld, eða lækkad verð á flugmiðum fyrir ungt folk, mundi gera ungmennum landanna mögulegt að ferðast milli landanna þriggja í auknum mæli. Hægt væri að byggja á fyrirmynnd evrópsku Interrail-lestarmiðanna þannig að lækkun fargjalds gilti í ákveðinn tíma. Því er lagt til að ríkisstjórnirnar skoði hvort unnt yrði að bæta flugfélögum landanna mögulegt tap sem hlytist af því að koma á vestnorðrænum ungmennafargjöldum.

Að öðrum kosti gætu vestnorðræn ríki komið á fót sjóði sem veitti ungmennum landanna styrki til að ferðast til annarra vestnorðrænna landa. Eins og staðan er nú hafa ungmenni á Vestur-Norðurlöndum tækifæri til að sækja um styrki til ferðalaga á vegum íþróttafélaga, skóla eða menningarhópa. Í því samhengi er vert að nefna Grænlandssjóð og NATA (North Atlantic Tourism Association). Hins vegar geta ungmenni sem ferðast á eigin vegum milli landanna þriggja ekki sótt um styrki til þess.

Ályktun þessi er lögð fram í þeim tilgangi að styðja við ferðalög ungmenna milli landanna þriggja í þágu vestnorðræns samstarfs til framtíðar.